



Umsögn skipulagsfulltrúa

Dags. 30.05.2025

One nr: 25011995

Heiti: Vetrarmýri og Smalaholt í Garðabæ

Efni: Umsagnarbeiðni um nýtt deiliskipulag. Auglýst tillaga.

Forsendur máls

Dags. 28. apríl 2025 barst umsagnarbeiðni frá Garðabæ þar sem óskaði er eftir umsögn Kópavogsbæjar um deiliskipulag Vetrarmýri og Smalaholts. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar 29. apríl 2025 var umsagnarbeiðni vísað til skipulags- og umhverfisráðs. Á fundi ráðsins, dags. 5. maí 2025, vísaði ráðið deiliskipulagi til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Eins og segir á skipulagsgátt (mál nr. 81/2025) fjallar tillagan um „um golfvöll í Vetrarmýri, íþróttæfingasvæði við Miðgarð, útivistarskóg í Smalaholti og náttúrugarð við Vífilsstaðavatn. Einnig fjallar skipulagið um umferðarmál á svæðinu og fest er lega framlengds Vífilsstaðavegar, Flóttamannavegar og Elliðavatnsvegar í breytttri legu. Fjallað er sérstaklega um umferðartengingar úr Hnoðraholti í Leirdalsop, þ.e. Vorbraut við Þorrasali. Sá kafli vegarins er tekinn út úr deiliskipulagi Hnoðraholts norður og færður inn í deiliskipulag það sem hér um ræðir. Leiðbeinandi lega stíga er ákvörðuð sem og staðsetning nýrra undirganga við Vífilsstaðavatn.“

Atriði sem varða hagsmuni Kópavogsbæjar í deiliskipulagi eru helst:

- Tengingar Vorbrautar við Arnarnesveg í Kópavogi um Þorrasali.
- Breytingar á Elliðavatnsvegi og Flóttamannavegi.
- Hringtorg við Vífilsstaðaveg endurbýgt norðar.

Kópavogsbær bendir á fyrri umsagnir sem tengjast málinu sem eru m.a. eftirfarandi:

- Umsögn skipulagsfulltrúa Kópavogs um Flóttamannaveg, dags. 2. maí 2025.
- Umsögn skipulagsfulltrúa Kópavogs um tillögu á vinnslustigi, dags. 14. febrúar 2025.

Hjálagt er minnisblað sem VSÓ Ráðgjöf vann fyrir Kópavogsbæ, dags. 12. maí 2025, þar sem lagt er mat á líkleg áhrif tengingar Vorbrautar við Arnarnesveg í Kópavogi.

Umsögn Kópavogsbæjar

Tenging Vorbrautar við Þorrasali

Samkvæmt minnisblaði VSÓ, dags. 2. maí 2025, sýnir samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins að „bílaumferð sem mun leita um Vorbraut geti verið á bilinu 2.500-3.000 ökutæki á sólarhring (ÁDU). Með breytttri legu Vorbrautar og án mótvægisáðgerða er hægt að ná ásættanlegu hljóðstigi fyrir íbúa í Þorrasölum. Þá sýna niðurstöður að ekki er þörf á hljóðvörnum við lóðamörk.“

Ef Vorbraut yrði gerð að botnlanga myndi það hafa óveruleg áhrif á íbúa svæðisins. Í minnisblaði VSÓ kemur fram að sú vegalengd sem íbúar á svæðinu þurfa að fara til að komast til og frá svæðinu akandi lengist að óverulegu leyti. Niðurstaða VSÓ er að „[e]kki er ástæða til að ætla að það að sleppa þessari tengingu hafi marktæk áhrif á öryggi eða afkastagetu þar sem þessar 2.500 ferðir myndu dreifast á aðrar tengingar inn á Arnarnesveg og Vífilsstaðaveg.“

Kópavogsbær leggur áherslu að sá kostur að Vorbraut verði botnlangi verði skoðaður með faglegum hætti. Það virðist sem það að tengja Vorbraut um Þorrasali hafi í för með sér fleiri ókosti en kosti og að draga mætti úr neikvæðum áhrifum með því að gera Vorbraut að botnlanga.

Ný tenging gæti haft neikvæð áhrif á Þorrasali 1-3 þar sem vegur sem tengist hringtorgi á Arnarnesveg er nokkuð nálægt húsunum, þó að hljóðstig sé samkvæmt greiningu innan marka. Þá



virðist sú lausn gera Vorbraut að botnlanga hafa minni neikvæð áhrif á starfsemi golfvallarins. Hitt er að hagkvæmni og tímasparnaður þeirra sem ferðast með ökutækjum til og frá svæðinu virðist óverulegur, sbr. greiningu VSÓ.

Safngata norðan við golfvöll

Í spálíkani má sjá safngötu sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi en deiliskipulag gerir ekki ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að umferð um hana verði um 1.800 ökutæki á sólarhring (ÁDU). Í minnisblaði, dags. 2. maí 2025, bendir VSÓ á að tengingin í líkaninu sé sýnd vestar en hún er sýnd á aðalskipulagsupprætti. Sú færsla getur gert það að verkum að hún verði heppilegri fyrir gegnumakstur en ef hún er staðsett eins og hún er sýnd í rammahluta aðalskipulags og í hljóðvistarútreikningum.

Hringtorg við Víflsstaðaveg

Til stendur að endurbyggja hringtorg við Víflsstaðaveg. Kópavogsbær leggur áherslu á að hringtorgið verði hannað með það í huga að flæði umferðar frá Elliðavatnsvegi og Flóttamannavegi að Víflsstaðavegi verði gott og tenging um Víflsstaðaveg að Reykjanesbraut verði greiðfær með það fyrir augum að draga úr gegnumfæðisumferð um hverfi Kópavogsbæjar samanber umsögn Kópavogsbæjar dags. 2. maí 2025.

Hönnun og fyrirkomulag Elliðavatnsvegar og Flóttamannavegar

Samanber umsögn skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar, dags. 2. maí 2025 bendir Kópavogsbær á eftirfarandi.

- Að breidd og hönnun vegar stuðli að því að takmarka hraða og að stuðlað verði að umferðaröryggi á og við veginn, ekki síst fyrir óvarða vegfarendur.
- Með því að breikka veginn og hanna hann miðað við að skiltaður hraði verði 50 km/klst mun eftirspurn ökutækja eftir veginum aukast og gegnumstreymi þar með, skv. minnisblaði VSÓ frá 9. maí 2023, og þar með muni gegnumfæðisumferð um hverfi Kópavog aukast.
- Að hjólastígur verði lagður meðfram Elliðavatnsvegi og Flóttamannavegi, enda algengt er að hjólræiðafólk fari um veginn og til að auka umferðaröryggi er mikilvægt að góðir hjólastígar verði meðfram.
- Hönnun vega stuðli að því að takmarka gegnumstreymisumferð í gegnum hverfi Kópavogsbæjar.

Niðurstaða skipulagsfulltrúa

Kópavogsbær gerir athugasemd við að deiliskipulagsáætlun verði samþykkt áður en að búið er að gera betur grein fyrir þeim jákvæðu og neikvæðu áhrifum sem tenging Vorbrautar við Porrasali er líkleg til að hafa. Einnig bendir Kópavogsbær á eftirfarandi atriði sem áður hefur verið bent á í umsögnum Kópavogsbæjar:

- Kópavogsbær leggur áherslu á að góð vegtenging verði frá nýju hringtorgi við Víflsstaðaveg, sem tengir Flóttamannaveg og Elliðavatnsveg við Reykjanesbraut og tenging Flóttamannavegar við Reykjanesbraut um Víflsstaðaveg verði greiðfær.
- Kópavogsbær leggur áherslu á að hjólastígur verði meðfram Elliðavatnsvegi og Flóttamannavegi. Sérstaklega ef skiltaður hraði verður 50 km/klst.
- Að hönnun vegarins stuðli að því að ekki verði hröð umferð um veginn, til að stuðlað sé að öryggi vegfarenda og til að draga að einhverju leyti úr eftirspurn eftir veginum.

Virðingarfyllst f.h. skipulagsfulltrúa

Andrea Kristinsdóttir
verkefnastjóri aðalskipulags

12.5.2024

25232

Dreifing

Auður D. Kristinsdóttir
Kópavogsbær

Höfundur

SÓ

Yfirfarið/Samþykkt

OG

Tílefni

Hnoðraholt - Vorbraut


Tenging við Arnarnesveg

1 Inngangur


Kópavogur hefur beðið VSÓ um að meta áhrif þess ef tengingu Vorbrautar við Arnarnesveg væri sleppt.

2 Skipulagsforsendur

Í gildandi deiliskipulagi er Vorbraut sýnd fara í stokki sunnan við Brymsali og Þorrasali áður en hún er tengd við Smalatorg um Öldusali.




Mynd 2.1 Athugunarsvæðið á úrklippu úr Deiliskipulagi Hnoðrahólts norður dags. 25.01.2024.



Mynd 2.2 Umrædd tenging á úrklippu úr skipulagsupprætti auglýstrar deiliskipulagsbreytingar dags 25.03.2025.

Í auglýsingu er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Smalaholts og Vetarmýri í Garðabæ þar sem gerð er tillaga að breyttri legu Vorbrautar auk þess sem hún er nú ofanjarðar. Í þessu samhengi hefur Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar óskað eftir að VSÓ meti mikilvægi þessarar tengingar.

Í breytingu á Aðalskipulagi 19.11 2020 með gerð Rammahluta Aðalskipulags er sýnd til viðbótar við Vetrarbraut tenging þvert yfir Hnoðraholtið og kemur inn á Vetrarbraut í T gatnamótum á mótis við Þrúðsali. Rammahlutinn gerir eins og sjá má á mynd 2.3 ráð fyrir nýrri íbúabyggð í kringum þessa nýju safngötu



Mynd 2.3 Athugunarsvæðið á rammahluta Aðalskipulags 19.11.2020. Ný tenging (safngata) sem kom inn með rammahluta Aðalskipulags merkt með rauðu


3 Umferðarforsendur

Efla hefur unnið umferðarspá til 2040 þar sem tekið var sérstakt tillit til uppbyggingaráforma í nálægð við Arnarnesveg og hljóðvist reiknuð fyrir breyttar forsendur vegna breytinga á deiliskipulagi Vetrarmýri og Smalaholts. Í þessum útreikningum er því gert ráð fyrir nýrri legu Vorbrautar eins og sýnt er í mynd 3.1.



Mynd 3.1 Umrædd tenging á úrklippur úr greinargerð Eflu. (Efla 2025).

Umferðarspá Eflu er til 2040 og gerir ráð fyrir 2500 bílum á Vetrarbraut næst (ÁDU) Arnarnesvegi en hljóðvistarútreikningar gera ráð fyrir um 3.000 bílum á Öldusölum næst Arnarnesvegi (sjá myndir 3.2 og 3.3). Gera verður ráð fyrir að spáin geri ráð fyrir allri framtíðaruppbyggingu á svæðinu í samræmi við breytt aðalskipulag.



Mynd 3.2 Ársdagsumferð árið 2040 úr SLH. Úr greinargerð: Umferðarspá og hljóðútreikningar vegna breyttra umferðarforsenda í rammahluta Vífilstaðalands, Efla 2025.

Fram kemur að óháð því hvort hljóðvarnir eru gerðar verður hljóðstig undir mörkum.



Mynd 3.3 Hljóðútbreiðsla með breyttri legu Vorbrautar, án hljóðvarna, Efla 2025.

Rétt er að vekja athygli á að safngatan sem kom inn með Aðalskipulagsbreytingunni er staðsett mun austar í spálíkaninu (mund 3.2) og er þar rétt í jaðri golfvallarsvæðisin og kemur þannig mun beinna á Arnarveginn. Spáin sýnir að hún flytur um 1.800 bíla á sólarhring og má gera ráð fyrir að stór hluti þeirra 2.500 ökutækja sem sýndur er á Vorbraut sé að nýta þessa tengingu.

Þessi færsla tengingarinnar gæti hæglega gert að verkum að hún verður heppilegri fyrir gegnumakstursumferð en ef hún væri staðsett í samræmi við rammahlutann og hljóðvistarútreikninga.

4 Greining

SLH sýnir að bílaumferð sem mun leita um Vorbraut geti verið á bilinu 2.500-3.000 ökutæki á sólarhring (ÁDU). Með breyttri legu Vorbrautar og án mótvægisaðgerða er hægt að ná ásættanlegu hljóðstigi fyrir íbúa í Þorrasölum. Þá sýna niðurstöður að ekki er þörf á hljóðvörnum við lóðamörk.

Ef horft er til þeirra íbúa sem munu búa við enda núverandi Vorbrautar (Vorbraut 49-55) eða í kringum nýja safngötu þá má gera ráð fyrir að stysta vegalengd þeirra út á Arnarnesveg lengist úr um 600 metrum í rúmlega 900 metra ef Vorbrautin yrðir áfram botnlangi (eða tengd bara við nýju safngötuna). Í tilfelli þeirra sem eru á leið í austurátt (eftir Arnarnesvegi) lengist akstursvegalengdin um rúmlega einn km til viðbótar eða um tvo kílómetra í heildina. Telja verður líklegt að þeir 2.500 bílar sem Efla áætla að muni velja þessa leið séu allflestir á leið í austurátt því aðrar leiðir væru styttri til allra annarra höfuðátta. (Ekki er þó vitað hversu stór hluti þeirra er mögulega gegnumakstursumferð um nýju safngötuna).

Þannig má áætla að ferðalag þessara einstaklinga lengist um tvo kílómetra eða u.þ.b. 2,5 mínútu.

Ekki er ástæða til að ætla að það að sleppa þessari tengingu hafi marktæk áhrif á öryggi eða afkastagetu þar sem þessar 2.500 ferðir myndu dreifast á aðrar tengingar inn á Arnarnesveg og Vífilstaðaveg

5 Heimildir

Efla 2025, Deiliskipulag Vetrarmýri og Smalaholts, Umferðarspá og hljóðvistarútreikningar í Vífilstaðalandi – breyttar forsendur; Minnisblað dags 19.03.2025